

Grindavíkurbær
Ársreikningur 2025

Grindavíkurbær
Víkurbraut 62
240 Grindavík

Kt. 5801691559

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar	11

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar

Ársreikningur Grindavíkurbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 2.802 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta og er það lækkun um 1.709 millj. króna frá árinu 2024. Rekstrartekjur A hluta námu 2.587 millj. króna og eru 1.800 millj. króna lægri en 2024. Álagningarhlutfall útsvars var 14,97% sem er lögbundið hámark. Í janúar 2024 samþykkti Alþingi lög sem heimiluðu Grindavíkurbæ að falla frá álagningu fasteignaskatts að hluta eða í heild. Sú heimild var endurnýjuð fyrir árið 2025. Á grunni þeirrar heimildar voru fasteignagjöld á árinu 2025 ekki lögð á A- og C- eignir innan þéttbýlis. Álagningarhlutfall fasteignaskatts A-flokki nam 0,30% en lögbundið hámark þess er 0,5%. Í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall. Í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,45% en lögbundið hámark þess er 1,32%, en sveitarstjórnir hafa heimild til að hækka álagningarhlutfall í A og C-flokki um allt að 25%.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt ársreikningi A og B hluta var jákvæð um 1.716 millj. króna. Þar af eru tjonabætur Grindavíkurhafnar 1.198 millj. króna. Í A hluta var rekstrarniðurstaða jákvæð um 707 millj. króna. Eigið fé A- og B-hluta í árslok 2025 nam 11.389 millj. króna samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 10.632 millj. króna.

Bæjarstjórn gerir þann almenna fyrirvara við ársreikning fyrir árið 2025 að forsendur í rekstri sveitarfélagsins gjörbreyttust þann 10. nóvember 2023 þegar nauðsynlegt reyndist að rýma bæinn vegna náttúruhamfara. Í fyrstu var vonast til þess að einungis yrði um tímabundna ráðstöfun að ræða og að íbúum yrði fljótt óhætt að flytja aftur til Grindavíkur. Sú hefur því miður ekki orðið raunin og hefur stjórnvísing og starfsemi Grindavíkurbæjar þurft að aðlagast sig að breyttum veruleika og hefur verið dregið verulega úr reglulegri starfsemi bæjarins.

Ekkert skólahald var í Grindavík á skólaárinu 2025-2026 líkt og á skólaárinu 2024-2025. Vonir standa til að skólahald geti hafist í Grindavík haustið 2026.

Á þeim tíma sem liðinn er frá rýmingu bæjarins hefur náðst markverður árangur við að endurreisa samfélagið þótt enn sé óvissa um lok náttúruhamfaranna. Helstu innviðir, svo sem höfnin og vatns- og fráveita, eru vel starfhæf. Á einhverjum tímamarki mun viðgerð þurfa að fara fram á höfninni og ættu bótageiðslur frá Náttúruhamfaratryggingu Íslands að fjármagna þær framkvæmdir ásamt framlagi úr hafnabótasjóði. Hlutatjón varð á mörgum fasteignum í eigu bæjarins og er viðgerðum að stærstum hluta lokið. Rífa varð viðbyggingu við Víðihlíð sem var alþjónuð en að öðru leyti er viðgerðum á því húsnæði lokið.

Í febrúar 2024 gerði Grindavíkurbær samkomulag við innviðaráðherra um greiðsluerfiðleikaframlag úr Jöfnunarsjóði. Það framlag var ekki greitt á árinu 2024 þrátt fyrir að Grindavíkurbær skæri verulega niður í starfseminni til að mæta gjörbreyttum aðstæðum í sínum rekstri. Samkomulagið var framlengt út árið 2025 og í lok árs var framlagið loks greitt til Grindavíkurbæjar.

Í upphafi árs 2024 voru sett lög sem heimiluðu bæjarstjórn að fella niður fasteignagjöld, að hluta eða í heild, og tók bæjarstjórn þá ákvörðun í febrúar 2024 að fella niður öll fasteignagjöld af íbúðar- og atvinnuhúsnæði innan þéttbýlis Grindavíkur. Heimildin var endurnýjuð fyrir árið 2025 og voru fasteignagjöld álögð með sama sniði og árið 2024. Á árinu 2026 eru fasteignagjöld lögð á allar eignir nema eignir Þórkötlu, sem eru undanþegnar álagningu þar til þær komast í almenna notkun. Áætlað tekjutap vegna þessa á árinu 2026 er um 315 milljónir króna.

Útsvarsstofn hefur veikst verulega frá rýmingu bæjarins 10. nóvember 2023 vegna lögheimilisflutnings. Íbúafjöldi 1. janúar 2025 var kominn í 1.352, eða fækkun um 2.366. Á árinu 2025 hélt fækkun íbúa áfram fram í ágúst en frá þeim tíma hefur fjöldi íbúa staðið nokkuð í stað og í árslok voru íbúar 875 og fækkun er 2.867 frá rýmingu og er því um 76,6%.

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar, frh.

Verkefni sem biða næstu bæjarstjórnar eru viðfeðm og er mikilvægt að gott samstarf náist við ríkið um að skapa forsendur til endurreisnar Grindavíkur, bæði sem samfélags og til verðmætasköpunar fyrir þjóðfélagið allt. Staða atvinnulífs í Grindavík er raunar að mörgu leyti góð og er áætlað að um 1.600 starfsmenn starfi hjá fyrirtækjum í bænum. Skatttekjur sveitarfélagsins á árinu 2025 gefa því ekki rétta mynd af þeim umsvifum sem eru í bænum og er nauðsynlegt að viðræður fari fram um hvernig ríkið geti aðstoðað sveitarfélagið til að takast á við sín verkefni á næstu árum, svo sem um rekstur slökkviliðs, en á grundvelli samnings sem gildir til loka árs 2026 greiðir ríkið 70% af rekstrarkostnaði þess.

Bæjarstjórn telur mikilvægt að þessi álitafni komi fram í ársreikningi fyrir árið 2025 og að gerð sé grein fyrir þeirri óvissu sem er um tekjustofna á yfirstandandi ári og næstu árum. Bæjarstjórn væntir þess að brugðist verði við ábendingum um framangreindar leiðréttingar á tekjustofnum bæjarins og að með því móti verði rekstrarhæfi Grindavíkurbæjar tryggt til næstu ára.

Ársreikningur Grindavíkurbæjar fyrir árið 2025 er tilbúin til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

21. apríl 2026

Bæjarstjóri:

 Bæjarstjórnin
í Grindavík

Sammar Jónsson

Bæjarráð:

Ólafur Halldórsson
Haufríður Helgúsdóttir
Inga Fanney Rúnarsdóttir
Ásriin H. Kristinsd.

Ársreikningur Grindavíkurbæjar fyrir árið 2025 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

12. maí 2026

Bæjarstjórn:

Ásriin H. Kristinsd.
Haufríður Helgúsdóttir
Ólafur Halldórsson

Inga Fanney Rúnarsdóttir

Sammar Mán Sammarsson
Þingma Þán Fridfinnsd.
Þinnitta Karadóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til bærarstjórnar Grindavíkurbæjar

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Grindavíkurbæjar ("sveitarfélagið") fyrir árið 2025 sem hefur að geyma samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2025 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og sveitarstjórnarlög nr. 138/2011.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við siðareglur sem gilda um endurskoðun ársreikninga á Íslandi. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á því sem fram kemur í skýrslu bærarstjóra og bærarstjórnar og skýringu nr. 4 í ársreikningnum þar sem greint er frá áhrifum yfirstandandi náttúruhamfara á sveitarfélagið. Þar kemur fram að óvissa ríkir um endanlegt tjón á fasteignum sveitarfélagsins sem og að ekki hefur reynst unnt að endurmeta leigulóðir sveitarfélagsins.

Ábyrgð bærarstjórnar og bærarstjóra á ársreikningnum

Bærarstjórn og bærarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber bærarstjórn og bærarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Bærarstjórn og bærarstjóri bera ábyrgð á eftirliti með gerð ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun bæjarstjórnar og bæjarstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sveitarfélagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Skipuleggjum við og framkvæmum endurskoðun samstæðunnar til að afla nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar félaga eða eininga innan samstæðunnar sem grundvöll til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og mati á endurskoðunarvinnu vegna samstæðunnar. Við berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum bæjarstjórn og bæjarráð meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu sveitarstjórnar og sveitarstjóra sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

12. maí 2026

KPMG ehf.

Fríðrik Einarsson

Silja Jóna Karlsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur	Áætlun 2025	Ársreikningur	Ársreikningur	Áætlun 2025	Ársreikningur
		2025	með viðaukum	2024	2025	með viðaukum	2024
Rekstrartekjur							
Útsvar og fasteignaskattur	5	1.306.702	1.102.043	2.276.802	1.306.702	1.102.043	2.276.802
Framlög Jöfnunarsjóðs	5	744.876	(19.000)	1.211.067	744.876	(19.000)	1.211.067
Aðrar tekjur	5	535.548	497.960	899.596	750.325	648.591	1.023.547
		<u>2.587.126</u>	<u>1.581.003</u>	<u>4.387.464</u>	<u>2.801.903</u>	<u>1.731.634</u>	<u>4.511.416</u>
Rekstrargjöld							
Laun og launatengd gjöld	6	692.299	702.842	2.118.504	767.684	765.606	2.204.632
Lífeyrisskuldbinding, breyting	16	123.352	106.000	76.285	134.784	116.000	82.562
Annar rekstrarkostnaður		1.128.865	1.610.792	1.546.351	1.348.076	1.782.392	1.696.896
		<u>1.944.516</u>	<u>2.419.635</u>	<u>3.741.141</u>	<u>2.250.543</u>	<u>2.663.998</u>	<u>3.984.089</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir ...		642.610	(838.631)	646.323	551.360	(932.364)	527.326
Afskriftir og virðisrýrnun	9	(231.837)	(286.740)	(274.092)	(296.212)	(362.200)	(351.449)
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		410.773	(1.125.371)	372.231	255.148	(1.294.564)	175.877
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	7	229.438	74.799	124.528	136.621	(65.363)	(13.283)
Rekstrarniðurstaða af reglulegri starfsemi		640.211	(1.050.572)	496.759	391.770	(1.359.927)	162.594
Bætur (tjón) vegna náttúruhamfara ...	4	66.841	0	(174.707)	1.324.534	0	(189.287)
Rekstrarniðurstaða.....	15	<u>707.051</u>	<u>(1.050.572)</u>	<u>322.052</u>	<u>1.716.304</u>	<u>(1.359.927)</u>	<u>(26.692)</u>

Efnahagsreikningur

		Eignir				
		A hluti		A og B hluti		
Skýr.		2025	2024	2025	2024	
Fastafjármunir						
Varanlegir rekstrarfjármunir:						
	Fasteignir og lóðir	9	6.029.772	5.931.580	6.200.743	6.158.808
	Veitur, hafnir og gatnakerfi	9	726.287	725.317	1.969.790	1.948.781
	Vélar, áhöld og tæki	9	269.546	303.737	283.825	338.555
			<u>7.025.605</u>	<u>6.960.634</u>	<u>8.454.359</u>	<u>8.446.143</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:						
	Stofnframlög og eignarhlutir í félögum	10	186.918	186.918	159.576	159.469
	Fyrirframgreiddur kostnaður	12	114.423	120.437	114.423	120.437
	Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	11	445.482	850.562	0	0
			<u>746.823</u>	<u>1.157.917</u>	<u>273.999</u>	<u>279.905</u>
	Fastafjármunir		<u>7.772.428</u>	<u>8.118.551</u>	<u>8.728.358</u>	<u>8.726.049</u>
Veltufjármunir						
	Birgðir		0	0	142	778
Skammtímakröfur:						
	Óinnheimtar tekjur	13	327.666	207.691	366.190	219.440
	Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki		705.825	469.734	0	0
	Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki	11	55.685	94.507	0	0
	Fyrirframgreiddur kostnaður	12	6.014	6.014	6.014	6.014
	Aðrar skammtímakröfur		20.400	28.336	22.281	35.701
	Handbært fé	3j	4.866.075	3.349.579	4.870.647	3.365.609
	Veltufjármunir		<u>5.981.666</u>	<u>4.155.860</u>	<u>5.265.274</u>	<u>3.627.543</u>
	Eignir samtals		<u>13.754.094</u>	<u>12.274.411</u>	<u>13.993.632</u>	<u>12.353.591</u>

31. desember 2025

Eigið fé og skuldir

Skýr.	A hluti		A og B hluti		
	2025	2024	2025	2024	
Eigið fé					
Eiginfjárreikningur	15	10.631.999	9.925.348	11.389.125	9.722.558
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding	16	904.933	860.803	1.000.042	955.190
		904.933	860.803	1.000.042	955.190
Langtímaskuldir					
Vaxtaberandi skuldir	17	768.385	742.774	956.398	957.998
		768.385	742.774	956.398	957.998
Skammtímaskuldir					
Skuldir við eigin fyrirtæki		835.192	62.952	0	0
Næsta árs greiðsla lífeyrisskuldbindingar	16	64.017	57.634	70.616	63.572
Næsta árs afborganir langtímaskulda	17	784	825	15.011	15.085
Aðrar skammtímaskuldir		548.783	624.075	562.441	639.188
		1.448.776	745.486	648.067	717.845
Skuldir og skuldbindingar samtals		3.122.094	2.349.063	2.604.507	2.631.033
Eigið fé og skuldir samtals		13.754.094	12.274.411	13.993.632	12.353.591
Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings	19				

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2025

	Skýr.	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024
Rekstrarhreyfingar							
Rekstarniðurstaða	15	707.051	(1.050.572)	322.052	1.716.304	(1.359.927)	(26.692)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir	9	231.837	286.740	274.092	296.212	362.200	351.449
Verðbætur		(7.499)	(6.483)	(13.701)	35.453	39.932	44.399
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna		(3.131)	0	0	(3.131)	0	(10)
Niðurfærsla vegna náttúruhamfara	4	0	0	546.250	69.023	0	612.250
Niðurfærsla eignarhluta, breyting		0	0	(9.932)	0	0	16.068
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu	16	122.761	106.000	76.285	134.159	116.000	82.562
Veltufé frá (til) rekstrar		<u>1.051.020</u>	<u>(664.315)</u>	<u>1.195.046</u>	<u>2.248.020</u>	<u>(841.794)</u>	<u>1.080.024</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:							
Fyrirframgreiddur kostnaður, breyting	12	6.014	6.014	6.014	6.014	6.014	6.014
Birgðir, breyting		0	0	0	636	0	1.094
Óinnheimtar tekjur, breyting		(119.975)	0	313.368	(146.750)	0	317.416
Aðrar skammtímaskuldir, breyting		9.376	0	965.315	14.860	0	1.005.810
Skammtímaskuldir, breyting		(75.292)	(115.705)	36.748	(76.748)	(115.705)	4.434
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar ...	16	(70.273)	(47.000)	(57.312)	(76.333)	(53.000)	(62.631)
Samtals		<u>(250.151)</u>	<u>(156.691)</u>	<u>1.264.132</u>	<u>(278.321)</u>	<u>(162.691)</u>	<u>1.272.139</u>
Handbært fé frá (til) rekstrar		<u>800.869</u>	<u>(821.006)</u>	<u>2.459.178</u>	<u>1.969.698</u>	<u>(1.004.485)</u>	<u>2.352.163</u>
Fjárfestingarhreyfingar							
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	9	(299.485)	(286.100)	(74.201)	(437.367)	(427.100)	(94.930)
Söluverð rekstrarfjármuna		4.600	1.600	0	4.600	1.600	112
Gatnagerðagjöld, endurgreiðslur		0	0	(87.690)	0	0	(87.690)
Eignarhlutir í félagum, breyting		0	681	0	21	681	28
Langtímakröfur, breyting		0	0	7.354	0	0	7.354
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki, breyting...		478.893	89.999	94.507	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		<u>184.008</u>	<u>(193.820)</u>	<u>(60.030)</u>	<u>(432.747)</u>	<u>(424.819)</u>	<u>(175.127)</u>
Fjármögnunarhreyfingar							
Víðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting		536.150	(427.042)	(251.202)	0	0	0
Afborganir langtímalána	17	(713)	(350)	(754)	(14.914)	(12.914)	(17.932)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>535.435</u>	<u>(427.392)</u>	<u>(251.955)</u>	<u>(14.913)</u>	<u>(12.914)</u>	<u>(17.932)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....		1.520.312	(1.442.218)	2.147.193	1.522.038	(1.442.218)	2.159.104
Handbært fé í ársbyrjun.....		3.349.579	3.336.238	1.213.396	3.365.609	3.345.011	1.222.181
Áhrif breytinga ábyrgðahlutfalls samstarfsverkefna		(3.816)	0	(11.010)	(17.000)	0	(15.676)
Handbært fé í árslok.....		<u>4.866.075</u>	<u>1.894.020</u>	<u>3.349.579</u>	<u>4.870.647</u>	<u>1.902.793</u>	<u>3.365.609</u>

Skýringar

1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Grindavíkurbær er sveitarfélag á Reykjanesi og var fjöldi íbúa þess 819 1. janúar 2026. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Víkurbraut 62 í Grindavík.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningur Grindavíkurbæjar fyrir árið 2025 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til samræmis við reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 er settur fram rekstrarreikningur, efnahagsreikningur, sjóðstreymisfirlit og viðeigandi skýringar fyrir A hluta sveitarfélagsins.

Til samræmis við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 1212/2015 eru byggðasamlög, sameignarfélög, sameignarfyrirtæki og önnur félagaform sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins færð inn í samantekin reikningsskil sveitarfélagsins miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélagsins. Í ársreikningi sveitarfélagsins er þessi ábyrgðarhlutdeild skilgreind sem hludeild í samstarfsverkefnum og er gert grein fyrir þeim í skýringu 10.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans eru Eignarsjóður og Þjónustustöð auk hlutdeildar sveitarfélagsins í samstarfsverkefnum. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Vatnsveita, Hafnarsjóður, Víðihlíð, Fráveita og Félagslegar íbúðir auk hlutdeildar sveitarfélagsins í samstarfsverkefnum.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga, samstarfsverkefna og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningnum. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignarsjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum nema annað sé tekið fram.

a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflun rekstrarfjármuna. Frá kostnaðarverði dragast frá álögð gatnagerðargjöld og önnur framlög vegna stofnkostnaðar.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar á hverjum reikningsskiladegi. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Byggingar.....	10-50 ár
Hafnarmannvirki	25 ár
Veitukerfi	25-50 ár
Gatnakerfi	25 ár
Vélar, áhöld og tæki	5-20 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni niðurfærslu vegna virðisrýrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

Hlutdeildarfélög eru þau félög sem sveitarfélagið hefur veruleg áhrif á en ekki yfirráð. Veruleg áhrif teljast almennt vera til staðar þegar sveitarfélagið hefur yfir 20% atkvæðahlut í viðkomandi félagi. Hlutdeildarfélög eru færð samkvæmt hlutdeildaraðferð í samanteknum reikningsskilum A og B hluta. Í ársreikningi A hluta er fyrst og fremst verið að draga fram ráðstöfum skatttekna og því er ekki færð hlutdeild í afkomu félaganna og því eru hlutdeildarfélög A hluta færð á kostnaðarverði í A hluta.

Sveitarfélagið færir í samanteknum reikningsskilum sínum hlutdeild í einstökum liðum rekstrar og efnahags byggðasamlaga, sameignarfélaga, sameignarfyrirtækja og annarra félagaforma sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins.

g. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna.

h. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjors A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og eru framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

i. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

j. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

k. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2025. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 16. Áætlaðar næsta ársgreiðslur sveitarfélagsins vegna lífeyrisskuldbindingar eru færðar meðal skammtímaskulda.

l. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

m. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 18.

n. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2025 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykkttri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu 22.

m. Óreglulegir liðir (tjón vegna náttúruhamfara)

Útgjöld eða tekjur sveitarfélags sem ekki falla undir venjulegan rekstur eru birtir sem óreglulegir liði, enda hafi þau veruleg áhrif á afkomu sveitarfélags og skekki samanburð milli ára og milli sveitarfélaga. Útgjöld eða tekjur eru skilgreind sem óreglulegur liður þegar liðurinn er ekki í greinilegum tengslum við hefðbundna starfsemi sveitarfélagsins, hann er þess eðlis að ekki er gert ráð fyrir að hann eigi sér stað oft eða með reglubundnum hætti og hann felur í sér verulega fjárhæð með tilliti til rekstrarumfangs viðkomandi sveitarfélags.

4. Tjón vegna náttúruhamfara

Þann 10. nóvember 2023 var Grindavíkurbær rýmdur vegna náttúruhamfara sem höfðu, og munu hafa veruleg áhrif á rekstur og efnahag sveitarfélagsins. Um nánari umfjöllun vísast í skýrslu og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar. Áhrif á rekstur og efnahag sveitarfélagsins á árinu 2025 sundurliðast þannig:

Áhrif á rekstrarreikning

	A hluti	A og B hluti
Tjónabætur.....	66.841	1.393.558
Niðurfærsla varanlegra rekstrarfjármuna.....	0	(69.023)
Samtals.....	66.841	1.324.535

Tjónabætur

Tjónabætur að fjárhæð 1.394 millj. kr. vegna tjóns sem varð á eignum á árunum 2023 og 2024 hafa verið færðar til tekna á árinu 2025. Tjónabæturnar voru greiddar af Náttúruhamfaratryggingu til sveitarfélagsins.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Á árinu 2025 var bókfært verð hafnarmannvirkja fært niður um 69 millj. kr. Óvissa ríkir um endanleg áhrif hamfaranna á eignir sveitarfélagsins þar sem atburðurinn er ekki liðinn og ekki hefur reynst unnt að leggja endanlegt mat á tjón á eignum sveitarfélagsins.

Lóðir og lendur sveitarfélagsins sem það hefur leigutekjur af hafa á fyrri árum verið endurmetnar til samræmis við álit reikningsskilanefndar sveitarfélaga nr. 2/2010, óvissa ríkir um fjárhæðir lóðaleigu til framtíðar og því er ekki unnt að leggja mat á endurmetið verð eigna sem falla undir álit reikningsskilanefndar sveitarfélaga nr. 2/2010. Er því bókfært verð þeirra óbreytt frá fyrra ári.

Skýringar, frh.:

5. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024
Útsvar og fasteignaskattar:						
Útsvar	1.049.608	864.998	2.032.980	1.049.608	864.998	2.032.980
Fasteignaskattur	257.094	237.045	243.821	257.094	237.045	243.821
	1.306.702	1.102.043	2.276.802	1.306.702	1.102.043	2.276.802
Framlög Jöfnunarsjóðs:						
Fasteignaskattsframlag	107.087	0	100.176	107.087	0	100.176
Útgjaldajöfnunarframlag.....	0	(19.000)	540.772	0	(19.000)	540.772
Framlög vegna fræðslumála.....	14.088	0	234.488	14.088	0	234.488
Framlög vegna nýbúafræðslu.....	0	0	22.087	0	0	22.087
Framlög v. mále. fatlaðra.....	10.050	0	295.436	10.050	0	295.436
Framlög v. sérþ. fatl. nem.....	1.128	0	3.538	1.128	0	3.538
Framlög vegna tónlistarnáms.....	730	0	1.362	730	0	1.362
Önnur framlög.....	611.793	0	13.209	611.793	0	13.209
	744.876	(19.000)	1.211.067	744.876	(19.000)	1.211.067
Skatttekjur samtals.....	2.051.578	1.083.043	3.487.868	2.051.578	1.083.043	3.487.868
Aðrar tekjur:						
Aðrar tekjur.....	535.548	497.960	899.596	750.325	648.591	1.023.547
Rekstrartekjur samtals	2.587.126	1.581.003	4.387.464	2.801.903	1.731.634	4.511.416

6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024
Laun	545.186	563.867	1.825.808	606.888	614.225	1.899.140
Launatengd gjöld	156.589	127.961	400.929	169.941	140.367	413.655
Framlög vegna uppgjör						
A deildar Brúar lífeyrissjóðs....	6.014	6.014	6.014	6.014	6.014	6.014
Áfallinn launakostnaður, br.....	(15.489)	5.000	(114.246)	(15.159)	5.000	(114.178)
Laun og launatengd gjöld samtals ...	692.299	702.842	2.118.504	767.684	765.606	2.204.632
				2025	2024	
Fjöldi starfsmanna í árslok.....				33	72	
Fjöldi stöðugilda í árslok.....				30	63	
Ársverk.....				43	165	
Laun bæjarstjóra og bæjarstjórnar.....				71.734	78.551	

Skýringar, frh.:

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024
Vaxtatekjur og verðbætur	259.896	34.220	148.580	260.100	29.843	149.705
Arður af eignarhlutum.....	2.911	0	4.037	2.911	0	4.037
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(110.919)	(83.104)	(132.543)	(126.390)	(95.206)	(150.957)
Vextir frá eigin fyrirtækjum	77.550	123.683	94.522	0	0	0
Niðurfærsla eignarhluta, br.....	0	0	9.932	0	0	(16.068)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals.....	229.438	74.799	124.528	136.621	(65.363)	(13.283)

8. Heildaryfirlit um rekstur

